

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 3/2024

frá 2. febrúar 2024

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1345 frá 1. ágúst 2022 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar skráningu og samþykki fyrir starfsstöðvum með landdýr í haldi og sem safna, framleiða, vinna eða geyma kímefni ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Löggjöf á þessu sviði gildir ekki gagnvart Íslandi eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Íslandi.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 13w (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/361) í hluta 1.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„13x. **32022 R 1345:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1345 frá 1. ágúst 2022 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar skráningu og

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 202, 2.8.2022, bls. 27.

samþykki fyrir starfsstöðvum með landdýr í haldi og sem safna, framleiða, vinna eða geyma kímefni (Stjtið. ESB L 202, 2.8.2022, bls. 27).

Ákvæði þessarar gerðar gilda ekki gagnvart Íslandi.“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/1345, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. febrúar 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. febrúar 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.